

HMS Húsnæði
Mannvirki
Skipulag

Mótt.: 5. JÚNÍ 2026

Málnr. _____

--	--	--	--	--	--	--	--	--	--



BREYTING Á AÐALSKIPULAGI SKEIÐA- OG GNÚPVERJA- HREPPS 2017-2029

Nýtt efnistökusvæði á Búrfellshólmum


25.10.2024

Breytt 10.11.2025




Aðalskipulag Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2017-2029

Aðalskipulagsbreyting þessi sem auglýst hefur verið samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, með síðari breytingum, var samþykkt af sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps þann 1.4.2026


Umhverfis- og tæknisvið
Uppsveita
Skipulagsfulltrúi

Aðalskipulagsbreytingin var staðfest af Skipulagsstofnun þann 17. ágúst 2026


Gudrun Lára Sveinnd.


SKIPULAGSFERLI

Lýsing aðalskipulagsbreytingar var auglýst frá: 27.06.2024 með athugasemdafresti til: 19.07.2024.

Aðalskipulagsbreytingin var kynnt frá: 28.11.2024 með athugasemdafresti til 20.12.2024.

Aðalskipulagsbreytingin var auglýst frá: 25.09.2025 með athugasemdafresti til: 07.11.2025.

Aðalskipulagsbreytingin var staðfest með auglýsingu í B deild Stjórnartíðinda: _____

UPPLÝSINGAR

SKJALALYKILL

109290-GRG-001-V02

HÖFUNDUR


IS

RÝNT

ÁJ

EFNISYFIRLIT

1	INNGANGUR	4
1.1	Skipulagsgögn	5
2	FORSENDUR OG STAÐHÆTTIR	5
2.1	Efnistaka og líklegt fyrirkomulag efnisvinnslu	5
2.2	Gróður og jarðmyndanir	5
2.3	Fornminjar	6
3	TENGL VÍÐ AÐRAR ÁÆTLANIR	6
3.1	Landsskipulagsstefna 2024-2038	6
3.2	Aðalskipulag Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2017-2029	6
3.3	Vatnaáætlun 2022-2027	7
4	AÐALSKIPULAGSBREYTING	8
4.1	Breytingar á uppdrætti	8
4.2	Breytingar á greinargerð	9
5	UMHVERFISMATSSKÝRSLA	9
5.1	Umhverfispættir og áherslur	9
5.2	Valkostir	10
5.2.1	Umhverfisáhrif	10
5.2.2	Niðurstaða	11
6	SKIPULAGSFERLI, KYNNING OG SAMRÁÐ	12
6.1	Umsagnaraðilar	12
6.2	Skipulagsferli	12
6.3	Breytingar að lokinni auglýsingu	12



1 INNGANGUR

Skeiða- og Gnúpverjahreppur vinnur að breytingu á Aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2017-2029, skv. 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Með breytingunni er sett inn nýtt efnistökusvæði á Búrfellshólmum austan Búrfells, í beinu framhaldi af núverandi efnistökusvæði E33. Óbyggt svæði minnkar samsvarandi.

Áætluð efnistaka er allt að 4,5 milljón m³ og að efnisnám nemi um 80.000-300.000 m³ á ári í 10-15 ár. Stærð svæðis er 183,0 ha. Um er að ræða vikurnámu og er vikurinn einkum unninn til útflutnings. Starfsemi á nýju efnistökusvæði verður að öllum líkindum unnin á sambærilegan hátt og áður hefur verið á Búrfellshólmum og gengið verður frá því svæði þar sem efnistöku er lokið jafn óðum.

Stefna í breyttu aðalskipulagi fellur undir viðauka 1 í lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021. Mörkuð er stefna um efnistöku þar sem áætlað er að raska 2,5 ha svæði eða stærra eða efnismagn er 50.000 m³ eða meira, einnig efnistaka þar sem fleiri en einn efnistökuastaður vegna sömu framkvæmdar og á sama svæði ná samanlagt yfir 2,5 ha svæði eða stærra, skv. lið 2.02. Unnið hefur verið umhverfismat fyrir efnistökusvæðið.

Svæðið er innan þjóðlendu, Búrfells og Skeljafellsland (L223324) og fer með efnistöku í samræmi við reglur sem um þær gilda.



MYND 1. Neðst í vinstra horni myndar er núverandi efnistaka. Nýtt efnistökusvæði er í framhaldi af því, milli Þjórsár og Bjarnarlækjar.

1.1 Skipulagsgögn

Skipulagsgögn eru greinargerð þessi með umhverfismatsskýrslu og skipulagsupprætti.

2 FORSENDUR OG STAÐHÆTTIR

Efnistökusvæðið er staðsett austan við Búrfell í Skeiða- og Gnúpverjahreppi, á svæði sem þekkist sem Búrfellshólmar. Búrfell er staðsett í Þjórsárdal en Þjórsá og fossar hennar, Tröllkonuhlaup og Þjófafoss renna meðfram fjallinu að austan og sunnan. Aðkoma að efnistökusvæðinu er af Þjórsárdalsvegi nr. 32, yfir brú á aðrennslisskurði að Búrfellsvirkjun og um vegslóða af honum, sama aðkoma og er að núverandi efnistökusvæði, E33. Haft hefur verið samráð við Landsvirkjun um aðkomu. Áætlað er að efnistaka á svæðinu fram að þessu nái yfir um 150 ha svæði.

Efnistaka og vinnsla hefur farið fram á svæðinu síðustu áratugi og hefur efni verið unnið norðan við fyrirhugað efnistökusvæði. Hér er um sértæka efnistöku að ræða, léttan vikur til sértækra nota erlendis og því ekki um marga mögulega efnistökustaði að ræða. Efni þaðan hefur verið flutt til útflutningshafnar og er naman að verða full nýtt. Nærumhverfi fyrirhugaðs framkvæmdarsvæðis ber mikil ummerki um rask og framgang mannsins í ljósi þeirrar efnistöku sem fram hefur farið norðan við fyrirhugað efnistökusvæði. Svæðið er ekki aðeins mótað af fyrri efnistöku en manngerð ummerki eru áberandi vegna framkvæmda í tengslum við Búrfellsvirkjun.

2.1 Efnistaka og líklegt fyrirkomulag efnisvinnslu

Gert er ráð fyrir að nýja vinnslusvæðið sem unnið verður á næstu árum verði allt að 183,0 ha til viðbótar og unnið verður til suðurs frá fyrri efnistökusvæði. Áætlað er að um 4-5 milljón m³ séu eftir af vinnanlegu efni til suðurs. Rannsóknir hafa verið gerðar á svæðinu og liggur fyrir að gott magn af ákjósanlegu efni sé til staðar á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði. Allir innviðir eru til staðar.

Vinnslan fer þannig fram að fyrst er yfirborðslagi rutt ofan af yfirborði, þar fyrir neðan tekur við hreint vikurlag. Jarðveginum sem rutt er ofan af svæðinu verður dreift yfir svæðið þegar efnistöku er lokið. Í námunni eru tvenns konar vikurlög. Efra vikurlagið er að jafnaði 2 m þykkt. Neðra vikurlagið er ljósara og er á bilinu 4-6 m þykkt. Þegar neðra vikurlag hefur verið unnið að fullu er komið niður á basalhraun sem er botn námunnar. Bæði vikurlög verða unnin niður á hraunbotn fyrir hvert svæði. Efni er flutt beint frá námunni niður á láglendið þar sem það verður fullunnið, líklega í Vatnsskarðsnámu, og því myndast ekki stór lager af efni á Búrfellshólmum.

Gert er ráð fyrir að vinnslutíminn verði á bilinu apríl-nóvember. Áætluð umferð er 12-13 bílar á dag 6 daga vikunnar. Alls eru áætlaðar um 2800 ferðir á ári.

2.2 Gróður og jarðmyndanir

Svæðið sem um ræðir er lítt eða ógróið. Megin vistgerð á svæðinu er sanda- og vikravist skv. vistgerða-kortlagningu Náttúrufræðistofnunar. Ekki er að finna jarðmyndanir eða vistkerfi sem njóta verndar skv. 61. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013.

2.3 Fornminjar

Engar þekktar minjar eru innan svæðisins. Ef fram koma áður óþekktar fornleifar á framkvæmdartíma, sbr. 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012, verður þegar haft samband við Minjastofnun Íslands og framkvæmd stöðvuð þar til fengin hefur verið ákvörðun Minjastofnunar um hvort halda megi áfram og með hvaða skilmálum.

3 TENGL VIÐ AÐRAR ÁÆTLANIR

3.1 Landsskipulagsstefna 2024-2038

Skipulag landnotkunar í dreifbýli feli í sér samþætta stefnu um byggðaðróun með áherslu á greiðar, öruggar og vistvænar samgöngur og fjölbreyttan ferðamáta. Flokkun landbúnaðarlands, landslagsgreining og vistgerðarflokkun verði lögð til grundvallar skipulagsákvörðunum. Skipulag stuðli að verndun og varðveislu líffræðilegrar fjölbreytni, sérstæðrar náttúru og menningarminja. Í skipulagi í dreifbýli verði stefnt að því að koma í veg fyrir rýrnun vatnsgæða og bæta ástand vatnshlota sem eru undir álagi.

Breytt aðalskipulag er metið í samræmi við landsskipulagsstefnu.

3.2 Aðalskipulag Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2017-2029

Í gildandi aðalskipulagi er umrætt svæði óbyggt. Breytt aðalskipulag er metið í samræmi við stefnu í gildandi skipulagi.

Kafli 2.3.9 Efnistöku- og efnislosunarsvæði.

- Lögð er áhersla á nægt framboð efnistökusvæða og að þau séu í námunda við notkunarstað efnis.
- Efnistaka fari ekki fram á svæðum sem hafa sérstakt verndargildi, s.s. friðlýstum svæðum, svæðum á náttúruminjaskrá eða hverfisverndarsvæðum.
- Áhersla er á góða umgengni á nýtingartíma og vandaðan frágang í verklok.

Eftirfarandi reglur gilda um efnistöku og efnislosun:

- Við val á efnistökusvæði skal velja efni af þeirri gerð sem best hentar fyrirhuguðum framkvæmdum.
- Efnistaka og efnislosun sé að jafnaði ekki á verndarsvæðum. Taka skal tillit til jarðmyndanna og vistkerfa sem njóta verndar skv. 61. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013. Einnig skal leitast við að haga mannvirkjum og framkvæmdum við ár og stöðuvötn þannig að sem minnst röskun verði á bökkum og næsta umhverfi vatnsins skv. 62. gr. laganna.
- Taka skal tillit til þekktra fornminja. Efnistaka fari ekki nær friðlýstum fornminjum og öðrum merkjum minjum en 100 m og ekki nær öðrum minjum en 20 m.
- Að landslagsheildin þoli efnistöku án þess að heildarsvipmót hennar raskist.
- Að kleift sé að ganga ásættanlega frá efnistökusvæði að efnistöku lokinni.

- Efnistaka og efnislosun sé lítt sýnileg frá fjölförnum stöðum, sérstaklega ef svæðið verður opið í einhvern tíma.
- Að vegalengd frá efnistöku/efnislosunarsvæði að framkvæmdastað sé innan hóflegra marka.

Kafli 4.2.1 Óbyggð svæði

- Stuðlað verði að vistvænni nýtingu á afréttum.

Kafli 2.7.3 Hverfisvernd

- Lögð er áhersla á að varðveita náttúruminjar, fornleifar og aðrar söguminjar, sem m.a. rennir styrkari stoðum undir ferðaþjónustu.
- Stuðlað verði að endurheimt fyrri landgæða.
- Mannvirkjagerð leiði til eins lítillar röskunar og kostur er.

NR	HEITI	LÝSING	SVÆÐI
HV6	Búrfellsskógur	Náttúrulegt birkikjarr sunnan undir Búrfelli. Einungis er heimilt að planta íslenskum plöntutegundum.	Afréttur

Samræmi við aðalskipulag

Sveitarfélagið metur að umrædd efnisvinnsla sé í samræmi við stefnu aðalskipulags og þær reglur sem sveitarfélagið hefur sett um efnisvinnslu.

Umrætt efnistökusvæði varð fyrir valinu því þar er hægt að vinna vikur, sem er það jarðefni sem sóst er eftir í þessu tilfelli. Efnistaka er ekki innan verndarsvæða og þar eru ekki þekktar fornminjar. Landið raskast við efnisvinnsluna en talið er að með vönduðum frágangi að efnisvinnslu lokinni megi ganga þannig frá landinu að heildarsvipmót þess haldist, líkt og gert hefur verið á öðrum svæðum í nágrenninu þar sem vikurnám hefur farið fram.

Efnisvinnslan kemur ekki til með að sjást langt að heldur verður hún einkum sýnileg frá Landvegi og Búrfellsskógi og að hluta til frá gönguleiðinni á Búrfell. Vissulega verður akstur með vikur um talsverða vegalengd, en þar sem hann verður fluttur erlendis þá þarf alltaf að flytja hann til hafnar.

3.3 Vatnaáætlun 2022-2027

Fyrsta vatnaáætlun Íslands var staðfest árið 2022 á grunni laga um stjórn vatnamála nr. 36/2011. Markmið laganna er að vernda allt vatn og vistkerfi þess, hindra frekari rýrnun vatnsgæða og bæta ástand vatnavistkerfa til að vatn njóti heildstæðar verndar. Að auki er lögunum ætlað að stuðla að sjálfbærri nýtingu vatns og langtíma verndunar vatnsauðlindarinnar.

Þrjú straumvatnshlot eru beggja vegna fyrirhugaðs framkvæmdasvæðis. Þjórsá 2 (103-777-R), austan megin, Bjarnalækur/Skurður (103-852-R) vestan megin og Efri Þjórsá (103-211-G) sem er grunnvatnshlot. Þjórsá og Bjarnalækur hafa orðið fyrir töluverðum breytingum eftir virkjanaframkvæmdir á Þjórsársvæði í tengslum við Búrfellsvirkjun. Áður fyrr var Bjarnalækur bergvatnsá sem átti upptök sín ofan þess svæðis sem nú er Bjarnalón. Nú rennur í hann jökulvatn um lokur frá Þjórsá og uppkomið

lindavatn að austanverðu, en rennsli er mismikið eftir árstíðum og vatnsnotkun í raforkuframleiðslu. Líklegt er að rennsli um farveginn sé umtalsvert meira en áður og hefur vatni verið veitt í lækinn m.a. vegna ís- og aurskólnar. Líklegt er að farvegur Bjarnalækjar hafi breyst frá náttúrulegu ástandi.

Efnafræðilegt ástand Bjarnalækjar er óþekkt og ekkert skráð álag. Efnafræðilegt ástand Þjórsár 2 er óþekkt og hún hefur skráð álag vegna vatnafræðilegra breytinga af völdum vatnsaflsvirkjana. Magnstaða og efnafræðilegt ástand Efri Þjórsár er óþekkt.

3.4 Þjóðlendur

Stór hluti hálendis Skeiða og Gnúpverjahrepps er þjóðlenda, þ.á.m. það svæði sem hér um ræðir. Þjóðlendur eru landsvæði þar sem íslenska ríkið er eigandi lands og hvers konar landsréttinda og hlunninda sem ekki eru háð einkaeignarrétti. Um þjóðlendur gilda lög nr. 58/1998 um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta. Forsætisráðherra fer með málefni þjóðlendna. Ráðherra til aðstoðar við stjórn og ráðstöfun réttinda innan þjóðlendna er samstarfsnefnd um málefni þjóðlendna. Samkvæmt 3. gr. laganna má enginn hafa afnot af þjóðlendu fyrir sjálfa sig, þar með talið að reisa þar mannvirki, gera jarðrask, nýta hlunnindi, vatns- og jarðhitaréttindi án leyfis. Til að nýta land og landsréttindi innan þjóðlendu þarf leyfi hlutaðeigandi sveitarstjórnar sem og forsætisráðuneytisins sé nýting heimiluð til lengri tíma en eins árs.

Einstaklingar, sveitarfélög eða aðrir lögaðilar geta átt svokölluð takmörkuð eignarréttindi innan þjóðlendna. Þjóðlendulög raska ekki slíkum réttindum. Samkvæmt 5. gr. laganna skulu þeir sem hafa nýtt land innan þjóðlendna sem afrétt fyrir búfénað, eða haft þar önnur hefðbundin not sem afréttareign fylgja, halda þeim rétti í samræmi við ákvæði laga þar um. Afréttur er skv. 1. gr. laganna landsvæði utan byggðar sem að staðaldri hefur verið notað til sumarþeirrar fyrir búfé. Hið sama gildir um önnur réttindi sem menn færa sönnur á að þeir eigi.

Ráðuneytið veitir leyfi fyrir nýtingu vatns- og jarðhitaréttinda og vindorku innan þjóðlenda. Samþykki ráðuneytisins þarf til að nýta námur og önnur jarðefni innan þjóðlenda óháð tímalengd. Allar framkvæmdir og jarðrask innan þjóðlendna sem vara lengur en í eitt ár eru háðar samþykki ráðuneytisins og samþykki ráðuneytisins þarf til að nýta námur og önnur jarðefni innan þjóðlendna skv. 3. mgr. 3. gr. laga nr. 58/1998.

4 AÐALSKIPULAGSBREYTING

Gerð er breyting á greinargerð og sveitarfélagsuppdrætti.

4.1 Breytingar á uppdrætti

Sett er inn nýtt efnistökusvæði, E58. Óbyggt svæði minnkar úr 160.062,3 ha í 159.879,2 ha.

4.2 Breytingar á greinargerð

Sett er inn nýtt efnistökusvæði. Heimild er fyrir allt að 4,5 milljón m³ efnistöku á allt að 183,0 ha svæði. Skilmálar fyrir óbyggð svæði haldast óbreyttir.

NR	HEITI	LÝSING	MAGN M3 (ALLT AÐ)	STÆRÐI Í HA (ALLT AÐ)	FLOKKUR FRAMKVÆMDA SKV. LÖGUM NR. 111/2021
E58	Búrfellshólmar	Vikurnáma. Vanda skal umgengni um svæðið á vinnslutíma og við frágang að vinnslu lokinni. Nýta skal yfirborðsefni til frágangs. Ganga skal jafn óðum frá þeim hluta svæðis þar sem efnistöku er lokið. Leitast skal við að draga úr ásjón af efnistöku og efnisvinnslu, einkum frá Landvegi og Búrfellsskógi. Æskilegt er að áfanga-skipta efnisvinnslu á svæðinu. Aðkoma að svæðinu er af Þjórsárdalsvegi nr. 32, yfir brú á aðrennslisskurði að Búrfellsvirkjun og um vegslóða af honum, sama aðkoma og er að núverandi efnistökusvæði, E33. Í framkvæmdaleyfi skal vinnslu í námunni áfangaskipt og gerð ýtarleg grein fyrir frágangi svæðisins og hvort ástæða sé til að draga úr sjónrænum áhrifum s.s. með mönnum eða aðeins með vönduðum frágangi svæðis jafnóðum. Heimild ráðuneytis þarf fyrir efnisvinnslu í samræmi við lög um þjóðlendu. Aðkoma að námusvæðinu er háð samkomulagi milli Landsvirkjunar og framkvæmdaraðila. Framkvæmdaraðili mun huga að öruggustu og æskilegustu flutningsleiðum í samráði við Vegagerðina.	4.500.000	183,0	A

5 UMhverfismatsskýrsla

Líkleg áhrif af stefnu aðalskipulagsbreytingarinnar eru metin skv. lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021. Markmið laganna er sjálfbær þróun, heilnæmt umhverfi og umhverfisvernd sem vinna skal að með umhverfismati framkvæmda og áætlana sem eru líklegar til að hafa umtalsverð umhverfisáhrif.

Stefna í breyttu aðalskipulagi fellur undir viðauka 1 í lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021, lið 2.01. Mörkuð er stefna um efnistöku þar sem áætlað er að raska 25 ha svæði eða stærra eða efnismagn er meira en 500.000 m³. Unnið hefur verið umhverfismat fyrir efnistökusvæðið og er þar gerð ýtarlegri grein fyrir umhverfisáhrifum.

5.1 Umhverfispættir og áherslur

Í umhverfismatsskýrslu eru skoðuð áhrif á þá umhverfispætti sem tilgreindir eru í töflu 1 og leitast við að svara matsspurningum.

TAFLA 1. Umhverfisþættir, matsspurningar og viðmið.

UMHVERFISÞÁTTUR	UMHVERFISVIÐMIÐ	MATSSPURNINGAR
Land og landslag <i>Landslag.</i> <i>Jarðmyndanir.</i> <i>Ásýnd og sjónræn áhrif.</i>	Aðalskipulag Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2017-2029. - Mannvirki skulu falla sem best að náttúrulegu umhverfi á hverjum stað og gæta skal samræmis við nálæga byggð. - Áhersla er á góða umgengni efnistökusvæða á nýtingartíma og vandaðan frágang í verklok. Landsskipulagsstefna 2024-2038. - Ráðstöfun lands taki mið af þeim gæðum sem felast í landslagi. Lög um náttúruvernd nr. 60/2013, einkum 61. gr.	Hefur stefnan áhrif á landslag? Hefur stefnan áhrif á jarðmyndanir? Hefur stefnan áhrif á ásýnd svæðis?
Gróður og fuglar	Vistgerðakortlagning Náttúrufræðistofnunar. Rannsókn á fuglum á svæðinu frá 2022.	Hefur stefnan áhrif á gróður og vistkerfi? Hefur stefnan áhrif á fugla og búsvæði þeirra.
Vatn	Lög um stjórn vatnamála nr. 36/2011. Vernda vatn og vistkerfi þess, hindra frekari rýrnun vatnsgæða og bæta ástand vatnavistkerfa þar sem þess er þörf til að vatn njóti heildstæðrar verndar.	Hefur stefnan áhrif á vatn eða grunnvatn?
Loft	Aðgerðaáætlun í loftslagsmálum 2018-2030. Orkuskipti í vegasamgöngum, átak í kolefnisbindingu, bættri landnotkun, skógrækt, landgræðsla, endurheimt votlendis.	Hefur stefnan áhrif á losun gróðurhúsalofttegunda?
Samfélag <i>Tekjur sveitarfélags.</i> <i>Atvinna.</i> <i>Útivist.</i>	Aðalskipulag Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2017-2029. Áhersla er á nægt framboð efnistökusvæða og að þau séu í námunda við notkunarstað efnis. Reglugerð um hávaða nr. 724/2008.	Hefur stefnan áhrif á tekjur sveitarfélagsins? Hefur stefnan áhrif á atvinnutækifæri? Hefur stefnan áhrif á útivistarfólk?
Minjar og verndarsvæði <i>Fornminjar.</i> <i>Hverfisvernd.</i>	Aðalskipulag Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2017-2029. - Varðveita sögu-, náttúru- og menningarminjar og önnur umhverfisleg gæði. - Halda skal framkvæmdum í lágmarki og þess gætt að þær leiði til eins lítillar röskunar og kostur er.	Hefur stefnan áhrif á minjar? Hefur stefnan áhrif á hverfisverndarsvæði?

5.2 Valkostir

Í matsskýrslu fyrir efnistökusvæðið er fjallað um aðalvalkost og núll kost. Ekki er gert ráð fyrir öðrum valkostum. Því er hér gerð grein fyrir líklegum umhverfisáhrifum eftirfarandi valkosta:

- Stefna í breyttu skipulagi. Landnotkun verður efnistökusvæði.
- Núll kostur – stefna í gildandi skipulagi. Landnotkun verður óbyggt svæði.

5.2.1 Umhverfisáhrif

Gerð er grein fyrir líklegum umhverfisáhrifum valkosta.

Breytt skipulag

Áhrif á land og landslag eru neikvæð. Rask verður á svæðinu vegna efnistöku og hefur það neikvæð áhrif á landslag. Rask og efnisvinnsla verður einkum sýnileg frá Landvegi og Búrfellsskógi. Mögulega

einnig frá nálægum gönguleiðum. Engar þekktar jarðminjar sem njóta verndar eru innan svæðisins. Til að draga úr áhrifum eru settir skilmálar um að vanda skuli umgengni, ganga jafn óðum frá svæðum þar sem efnistöku er lokið og leitast við að draga úr ásýnd efnisvinnslu.

Áhrif á gróður og fugla eru óveruleg. Svæðið er gróðursnautt og þar er ekki að finna vistgerðir með hátt verndargildi. Gerð hefur verið rannsókn á fuglum á svæðinu og sáust mjög fáir fuglar þar.

Áhrif á vatn eru óveruleg. Ekki er gert ráð fyrir að efnistaka hafi áhrif á vatn eða vatnshlot. Efnistaka verður í a.m.k. 50 m fjarlægð frá vatnsbakka.

Áhrif á loft eru neikvæð. Við vinnslu á efni og akstur frá námu að notkunarstað/útflutningshöfn losna gróðurhúsalofttegundir.

Áhrif á samfélag eru jákvæð/neikvæð. Með nýju efnistökusvæði þá verður meira framboð af svæðum til efnistöku og tekjur sveitarfélagsins aukast. Mögulega skapar efnistakan atvinnu í sveitarfélaginu. Mögulega neikvæð upplifun útivistarfólks í Búrfellsskógi, á Búrfelli og á Hellismannaleið vegna hljóð-vistar og rykmengunar. Umferð stórra flutningabíla eykst frá efnistökusvæði að útflutningshöfn.

Áhrif á vernd eru óveruleg. Engar þekktar minjar eru innan svæðisins. Syðsti hluti efnistökusvæðis nær að hverfisverndarsvæði en ekki er gert ráð fyrir að það verði fyrir raski.

Gildandi skipulag

Áhrif á land og landslag eru óveruleg. Svæðið heldur sínu náttúrulega yfirbragði og landnotkun verður óbýggt svæði.

Áhrif á gróður og fugla eru óveruleg. Engin áhrif á gróður og fugla.

Áhrif á vatn eru óveruleg. Engin áhrif á vatn eða vatnshlot.

Áhrif á loft eru óveruleg. Engin losun gróðurhúsalofttegunda.

Áhrif á samfélag eru óveruleg/jákvæð. Engin áhrif á tekjur sveitarfélagsins eða atvinnutækifæri. Útivistarfólk nýtur góðs af tiltölulega kyrrlátu svæði.

Áhrif á vernd eru óveruleg. Engar þekktar minjar eru innan svæðisins. Svæðið verður áfram undir hverfisvernd.

5.2.2 Niðurstaða

Sveitarfélagið er hlynnt áframhaldandi efnistöku austan við Búrfell. Efni hefur verið tekið þar um árabíl og er svæðið að hluta til raskað vegna þess. Einnig hafa orðið breytingar á svæðinu vegna framkvæmda og miðlunar tengdum Búrfellsvirkjun.

Efnistakan hefur neikvæð áhrif á land, landslag og loft. Settir eru skilmálar um að leitast skuli við að draga úr sýnileika svæðisins og að gengið verði jafn óðum frá þeim hluta svæðisins þar sem efnistöku er lokið. Sveitarfélagið er meðvitað um að akstur með efni að útflutningshöfn er nokkur vegalengd. Til

að draga úr neikvæðum áhrifum á loft er möguleiki að kolefnisjafna efnisvinnsluna og akstur með efni. Sveitarfélagið metur að umrædd efnisvinnsla sé í samræmi við stefnu aðalskipulags og þær reglur sem sveitarfélagið hefur sett um efnisvinnslu.

6 SKIPULAGSFERLI, KYNNING OG SAMRÁÐ


Með kynningu skipulagstillögu er umsagnaraðilum, hagsmunaaðilum og almenningi gefinn kostur á að leggja fram sjónarmið og ábendingar sem að gagni gætu komið.

Skipulagstillaga verður kynnt með auglýsingu í blöðum/dreifiritum og í skipulagsgátt Skipulagsstofnunar. Athugasemdir skulu vera skriflegar og berast í skipulagsgátt fyrir auglýstan tímafrest.

6.1 Umsagnaraðilar

- Forsætisráðuneytið
- Náttúruverndarstofnun
- Heilbrigðiseftirlit Suðurlands
- Minjastofnun Íslands
- Vegagerðin
- Náttúrufræðistofnun Íslands
- Land og skógur
- Veiðimálastofnun/Fiskistofa
- Landsvirkjun
- Rangárþing ytra
- Umhverfis- og Orkustofnun

6.2 Skipulagsferli




6.3 Breytingar að lokinni auglýsingu

Í skilmála fyrir efnistökusvæðið er bætt við að í framkvæmdaleyfi skuli gera grein fyrir áfangaskiptingu efnistöku, ýtarlegri grein fyrir frágangi svæðis og hvort ástæða sé til að draga úr sjónrænum áhrifum s.s. með mönum eða aðeins með vönduðum frágangi svæðis jafnóðum. Einnig ákvæði um að aðkoma sé háð samkomulagi milli Landsvirkjunar og framkvæmdaraðila og að framkvæmdaraðili muni huga að öruggustu og æskilegustu flutningsleiðum í samráði við Vegagerðina. Bætt er inn kafla um þjóðlendur

og ábyrgð ráðuneytis á þeim og í skilmála er bætt inn ákvæði um leyfi ráðuneytis til efnisvinnslu í þjóðlendu.

Aðalskipulag Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2017-2029


Nýtt efnistökusvæði í Búrfellshólma



GILDANDI AÐALSKIPULAGSUPPDRATTUR

SKÝRINGAR

- Skipulagsmörk
- Skógræktar- og landgræðslusvæði
- Óbyggð svæði
- Iðnaðarsvæði
- Efnistöku- og efnislosunarsvæði
- Stofnvegir
- Tengivegir
- Aðrir vegir
- Slóðar
- Gönguleiðir
- Reiðhjálaleiðir
- Reiðleiðir
- Raflínur 66-220 kV
- Önnur náttúruvernd
- Hverfisvernd
- Friðlýstar fornminjar
- Hálendismörk skv. landsskipulagsstefnu
- Svæði breytingar



BREYTTUR AÐALSKIPULAGSUPPDRATTUR

Skipulagsgögn:

Greinargerð með umhverfismatskýrslu og uppdrátt

[Signature]
Uppsveita
Skeiða- og Gnúpverjahreppur
Skipti EFLA

Aðalskipulag Skeiða- og Gnúpverjahrepps
Nýtt efnistökusvæði í Búrfellshólma

Verk: 109290
Blaðstærð: A4

Unnið: IS
Rýnt: GAL

Mælikvarði: 1:50.000
Breytt dags:

0 1 2 3 4 km

